

rannsóknar, en enska stjórnin lofaði, þegar fyrst yrði sent her- 1854.  
 skip á fiskistöðvarnar við Ísland, skyldi hún fela skipherranum á 30. ágúst.  
 hendur að rannsaka nákvæmlega það sem klagad hefur verið  
 yfir, og skýra stjórninni frá því sjer í lagi.

### 15. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 21. septbr. um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl þ. á.

Stiptamtmaðurinn hafði sent stjórninni fyrirspurn bæjarfóet-  
 ans í Reykjavík um þessi atriði:

1. Hvort að kaupmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi,  
 og vill taka utanríkisskip á leigu, getur, samkvæmt lögunum um  
 siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl þ. á., beðið með að kaupa  
 íslenzkt leiðarbrjef, þangað til skipið komi til Íslands, og ef svo  
 er, hvort leiðarbrjefið gildi þá fyrir ferðina aptur til útlanda  
 innan 9 mánaða, og

2. Hvort að verzlunarmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi,  
 þarf að kaupa nýtt leiðarbrjef, þegar skipstjóri kemur til  
 Íslands með fermt skip, og hefur keypt leiðarbrjef, eins og fyrir  
 er mælt í 2. gr. áður nefndra laga, til þess að verzla í landinu,  
 og íslenzki verzlunarmaðurinn vill síðan taka skipið á leigu til  
 að flytja farm þaðan, og ætlast ekki til, að skipið komi aptur  
 til Íslands.

Stjórnin svaraði á þessa leið:

1. að það megi að sönnu kaupa leiðarbrjef á Íslandi, þegar  
 þannig stendur á, eptir lögunum 15. apríl þ. á., 4. greinar  
 seinustu klausu, en gildi þá einungis fyrir ferðina til Íslands  
 og frá Íslandi, og fyrir þær ferðir sem farnar eru hafna á milli  
 á Íslandi, en ekki fyrir ferð til landsins aptur.

2. að ekki þurfi nýtt leiðarbrjef, þegar þannig stendur á,  
 samkvæmt 4. gr., endanum á fyrstu klausu, þar eð leiðarbrjef,  
 sem búið er að kaupa, gildir bæði fyrir ferðina til Íslands og  
 frá Íslandi, hver sem svo hefur skipið á leigu.